

4. bekkur stærðfræði kennsluáætlun 2019-2020 fyrir áramót

Kennarar: Guðný Róbertsdóttir; Halla Óladóttir; Sigríður Karlsdóttir

4

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

- Hnitakerfið
- Tölur stærri en 1000 og minni en 0
- Samlagning og frádráttur
- Tími, klukka
- Margföldun og deiling
- Samhverfa og mynstur
- Ummál og flatarmál
- Mælingar og tugabrot
- Almenn brot
- Reikningur
- Tölfræði

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Nemendur: Sproti 4a nemendabók og æfingahefti, Sproti 4b nemendabók og æfingahefti. Kennarar: Sproti kennarabók
Gögn: Tölvur, ípad, osmo, numicon, spil, leikir, myndbönd og hefðbundin stærðfræðigögn, ásamt öðru tengdu efni

Kennsluáðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Náminu er skipt í lotur þar sem farið er í hvert viðfangsefni á fjölbreyttan máta þar sem nemendum gefst færi á að velja hvaða leiðir og gögn henta þeim. Unnið er bæði í hópum og einstaklingsvinnu. Stundum hálfur bekkurinn í senn og stundum allar í einu.

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Nemendur sýna fram á skilning og hæfni með skriflegu stöðumati og/eða samtali við kennara eftir hverja lotu. Veitt er endurgjöf eftir þörfum og stöðumat endurtekið eftir þörfum hvers og eins. Allt mat er skráð á Mentor.

GF stærðfræði 4. bekkur - Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Rökrætt af innsæi um stærðfræðiverkefni sem tengjast eigin reynsluheimi, rökstutt niðurstöður sínar, val á lausnaleyðum og fylgt röksemdafærslu annarra.
- Leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir.

GF stærðfræði 4. bekkur - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Notað myndmál, frásögn og texta jafnhliða táknaði stærðfræðinnar og unnið með innbyrðis tengsl þeirra.
- Notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.

GF stærðfræði 4. bekkur - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar.
- Lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.
- Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga.

GF stærðfræði 4. bekkur - Tölur og reikningur

- Notað náttúrlegar tölur, raðað þeim og borið saman.
- Notað tugakerfisrithátt.
- Reiknað með náttúrlegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.

GF stærðfræði 4. bekkur - Rúmfræði og mælingar

- Notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.
- Áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða.
- Speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.

